



FFSÍ

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi

Erindi nr. P 128/79

komudagur 18.11.2002

Reykjavík 15. nóvember 2002.

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstyræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum, 157. mál, þurrleiguskráning fiskiskipa.

Tilvísun: Bréf samgöngunefndar Alþingis frá 30. október 2002, þar sem óskað er eftir umsögn samtakanna um framangreint frumvarp.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vísar til fyrri umsagna sinna um sama mál og lýsir enn yfir andstöðu sinni við efni frumvarpsins.

Samtökin benda á að í fylgiskjali með frumvarpinu "Skýrsla nefndar um tvískráningu fiskiskipa" er gerð grein fyrir afstöðu til málsins, og vilja jafnframt vekja athygli á að í umræddri skýrslu kemur fram að af fjölmörgum ríkjum sem leitað var upplýsinga um hvort heimildir væru þar til þurrleiguskráningar eins og hér er gert ráð fyrir, er slík þurrleiguskráning einungis heimil í tveimur Eystrasaltsríkjum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Undanfarin ár virðist sem umrædd ríki hafi ekki haft getu til útgerðar eigin skipa til að nýta þær veiðiheimildir sem þau ráða yfir, og því gripið til þess ráðs að heimila þurrleiguskráningu á skipum annarra ríkja. Með tilliti til þess hlýtur að vakna sú spurning hvort það er vilji stjórnvalda á Íslandi að notfæra sér bágindi annara með þeirri aðferð sem hér er lögð til.

Virðingarfyllst
f.h. Farmanna- og fiskimannasambands
Íslands

Guðjón Ármann Einarsson